

32. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 25.04 2012, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar. Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. **Austfirskar stoðstofnanir, aðild Fljótsdalshrepps**
2. **Drög að endurskoðuðum samþykktum Fljótsdalshrepps og drög að siðareglum kjörinna fulltrúa.**
3. **Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs**, reglur um styrki fyrir fatlað fólk til náms og verkfæra kaupa, reglur um félagslegt húsnæði, gjaldskrá fyrir heimaþjónustu, reglur um fjárhagsaðstoð.
4. **Gistihús**, eldhúsgámur
5. **Miðvangur 6**
6. **Íbúaskrá 1. desember 2011**
7. **Verkstjórn unglíngavinnu**
8. **Bréf**
 - a) Forsætisráðuneytið dags. 06.03
 - b) Innanríkisráðuneytið dags. 21.03
 - c) Fljótsdalshérað dags. 08.03
 - d) Guðmundur H Bjarnason dags.08.03
 - e) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 05.03
 - f) Helgi Hallgrímsson dags. 23.03
 - g) Afrit af bréfi til landeigenda frá starfshópi um stígagerð umhverfis Lagarfljót dags.29.02
 - h) Lánasjóður sveitarfélaga ohf, dags. 11.04
 - i) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 02.04
 - j) Umhverfissráðuneytið dags.04.04
 - k) Þjóðskrá Íslands 03.03
9. **Fjárbæiðir**

Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna
10. **Umhverfisstyrkir**
 - a) Skeggi Þormar, Geitagerði
 - b) Lára G. Oddsdóttir, Valþjófsstað II
11. **Fundargerðir**
 - a) Minnispointar frá kynningarfundum viðbragðsáætlunar Hraunaveitu, 13.03
 - b) Fundur með aðilum að B-stofnsjóði í Sláturfélagi Austurlands, 15.03
 - c) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, 01.03
 - d) Samgöngunefnd SSA , 29.02
 - e) Samstarfsnefnd SSA , 02.03
 - f) Áætlunarferðir í Fljótsdal, 05.03
 - g) HAUST 21.03, ásamt ársskýrslu 2011
 - h) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 15.03
 - i) Dvalarheimili aldraðra 11.04, ásamt ársreikningi 2011
 - j) Brunavarnir á Austurlandi 16.04, ásamt ársreikningi 2011
 - k) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 04.04
 - l) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 13.04
12. **Önnur mál**

1. **Austfirskar stoðstofnanir, aðild Fljótsdalshrepps.** Sveitarstjórn samþykkir að sveitarfélagið gerist stofnaðili að nýrri stoðstofnun á Austurlandi og greiði framlag stofnaðila kr. 50.000-. Oddvita falið umboð til að skrifa undir stofnsamning og skipulagsskrá.
2. **Drög að endurskoðuðum samþykktum Fljótsdalshrepps og drög að siðareglum kjörinna fulltrúa.** Farið var yfir drög að samþykktum Fljótsdalshrepps og siðareglum kjörinna fulltrúa

sem Jón Jónsson hrl. hefur unnið fyrir sveitarfélagið. Að því loknu var drögunum vísað til annarrar umræðu.

3. **Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs**, reglur um styrki fyrir fatlað fólk til náms og verkfærakaupa, reglur um félagslegt húsnæði, gjaldskrá fyrir heimaþjónustu, reglur um fjárhagsaðstoð. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leiti
4. **Gistihús**, eldhúsgámur. Kynntar teikningar og tilboð í eldhúsgám við gistihúsin við Végarð. Tilboðið er frá Hafnarbakka og hljóðar upp á kr. 5.813.288- með flutningi á Reyðarfjörð. Tilboðið samþykkt. Reiknað er með að gámurinn verði kominn í maí.
5. **Miðvangur 6**. Skoðaðar teikningar og kostnaðaráætlunargögn við frágang húsnæðis. Gögnin eru unnin af Verkfræðistofu Austurlands. Samþykkt að fela oddvita í samstarfi við Verkfræðiskrifstofuna að leita til fyrirtækja á svæðinu með að þau geri tilboð í verkið.

Þorvarður vék af fundi kl. 15.40 , er væntanlegur aftur eftir ca 1klst.

6. **Íbúaskrá 1. desember 2011**. Á íbúaskrá eru 79, Þjóðskrá óskar eftir athugasemdum um of- eða vantalda einstaklinga í sveitarfélaginu. Á Hvammseyri er skráður einn einstaklingur með lögheimili, en það húsnæði er ekki lengur til staðar.
7. **Verkstjórn unglingsvinnu**. Samþykkt að færa þennan lið aftar í dagskrá.
8. **Bréf**.
 - a) Forsætisráðuneytið dags. 06.03. Kynnt. Varðar þjóðlendumörk í Fljótsdalshreppi.
 - b) Innanríkisráðuneytið dags. 21.03. Kynnt. Varðar skilgreiningar og tillögur nefndar um eflingu sveitastjórnarstigsins.
 - c) Fljótsdalshérað dags. 08.03. Kynnt. Varðar vegi og vegslóða í Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði og samstarf um kortlagningu og skilgreiningu á þeim. Oddvita falið að koma á fundi með fulltrúum Fljótsdalshéraðs um þetta mál.
 - d) Guðmundur H Bjarnason dags.08.03. Varðar umskipunarhöfn. Kynnt.
 - e) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 05.03. Sýslumaður óskar eftir samþykki til að færa kröfu að upphæð 241.935 kr. á afskriftarreikning. Um er að ræða aðila sem farinn er úr landi. Samþykkt.
 - f) Helgi Hallgrímsson dags. 23.03. Meðfylgjand bréfi Helga er skrá um mannvistarminjar í Fljótsdal.
 - g) Afrit af bréfi til landeigenda frá starfshópi um stígagerð umhverfis Lagarfljót dags.29.02. Kynnt.
 - h) Lánasjóður sveitarfélaga ohf, dags. 11.04. Arðgreiðsla Lánasjóðsins til sveitarfélagsins fyrir árið 2011. 102.708 kr. er hlutur Fljótsdalshrepps.
 - i) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 02.04. Kynning á tímabundinni breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitafélaga. Sveitarfélögin taka yfir ákveðin verkefni frá ríkinu samtals að upphæð 213,8 milljónir. Jöfnunarsjóður sveitafélaga innheimtir af sveitarfélögum þeirra hlut.Fljótsdalshreppur greiðir 53.710 kr.
 - j) Umhverfisráðuneytið dags.04.04. Varðar breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum og breytingu á reglugerð sem sveitarfélögum gefst kostur á að gera umsögn um. Kynnt.
 - k) Þjóðskrá Íslands 03.03. Varðar forsetakosningar 2012 og framlagningu kjörskrár. Kynnt.

Þorvarður mættur aftur til fundar kl. 16:40

9. Fjárbæiðnir.

Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna. Hafnað.

10. Umhverfisstyrkir

- a. Skeggi Þormar, Geitagerði. Samþykktur hámarksstyrkur. Oddvita falið að kalla eftir kostnaðaráætlun.
- b. Lára G. Oddsdóttir, Valþjófsstað II. Samþykktur hámarksstyrkur.

Oddviti vék af fundi og varaoddviti tók við fundarstjórn.

- 7. Verkstjórn unglingsvinnu.** Umsækjendur voru tveir, Józef Valgarð Þorvaldsson og Þórður Ólafsson. Sveitarstjórn samþykkir að ráða Józef Valgarð sem sinni starfinu á síðasta ári. Unglingsvinnan verður á tímabilinu 18.06-26.07.

Oddviti kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn

11. Fundargerðir

- a. Minnispunktar frá kynningarfundum viðbragðsáætlunar Hraunaveitu, 13.03. Kynnt.
- b. Fundur með aðilum að B-stofnsjóði í Sláturfélagi Austurlands, 15.03. Kynnt.
- c. Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, 01.03. Kynnt.
- d. Samgöngunefnd SSA, 29.02. Kynnt.
- e. Samstarfsnefnd SSA, 02.03. Kynnt.
- f. Áætlunarferðir í Fljótssdal, 05.03. Kynnt.
- g. HAUST 21.03, ásamt ársskýrslu 2011. Kynnt.
- h. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 15.03. Kynnt.
- i. Dvalarheimili aldraðra 11.04, ásamt ársreikningi 2011. Kynnt.
- j. Brunavarnir á Austurlandi 16.04, ásamt ársreikningi 2011. Kynnt.
- k. Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 04.04. Kynnt.
- l. Verkefna- og rannsóknarsjóður Fljótssdalshrepps og Landsbankans 13.04. Kynnt.

12. Önnur mál.

- a) Íbúafundur verður haldinn í Végarði 03.05. kl 20. Fjallað verður um sorp og leiðir til lækkunar húshitunar.
- b) Rætt var um hleðslur húsa og lagfæringar eldri gangnamannakofa. Erindi hefur borist frá Hannesi Lárussyni hleðslumanni þar sem hann leggur fram kostnaðaráætlun við lagfæringar á gamla gangnamannakofanum og hestúsi í Fjallaskarði. Hann minnst einnig á þann möguleika á að halda námskeið í hleðslutækni. Verður skoðaða nánar síðar.
- c) Bréf barst frá Forsætisráðuneytinu dags. 28.03 þar sem boðað er til fundar um þjóðlendumál. í húsakynnum Fljótssdalshéraðs 23.05. kl 09:00 Óskað er eftir ýmsum upplýsingum frá sveitarfélaginu.
- d) Borist hefur erindi frá Austurför varðandi atvinnusýningu á Egilsstöðum 18-19. ágúst. Verið er að kanna áhuga á þátttöku. Ekki er gert ráð fyrir þátttöku Fljótssdalshrepps, þar sem dagsetningin rekst á við Fljótssdalsdag Ormsteitis.
- e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 02.05. kl 14:00

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 18:00
Þorvarður og Lárus sáu um fundarritun í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
Þorvarður Ingimarsson (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Lárus Heiðarsson (sign)
Jóhann F. Þórhallsson (sign)